

## Stjórnarfundur í Félagi prófessora við ríkisháskóla

4. fundur stjórnar 2022-2023, þriðjudaginn 6. september 2022

Mætt voru: Pétur Henry Petersen, Engilbert Sigurðsson, Guðný Björk Eydal, Grétar Þór Eyþórsson, Hólmfríður Garðarsdóttir, Ingibjörg Svala Jónsdóttir, Ólafur Páll Jónsson og Þóroddur Bjarnason.

Pétur Henry Petersen formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.00.

### Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 3. stjórnarfundar 2022-2023 lögð fram til samþykktar.
2. Kjaramál – kröfugerð.
3. Önnur mál.

### 1. Fundargerð 3. stjórnarfundar 2022-2023 lögð fram til samþykktar

Farið var yfir fundargerð 2. stjórnarfundar og var hún samþykkt með áorðnum breytingum.

### 2. Kjaramál – kröfugerð

Stjórn félagsins kom saman til að ræða kjaramálin og hvaða kröfur félagið muni setja á oddinn í komandi kjaraviðræðum. Kröfugerð félagsins frá 2019 var lögð fram og var framkvæmdastjóra falið að taka saman og senda stjórninni yfirlit yfir hvað af þeim kröfum hefðu náð fram að ganga.

Eins og kunnugt er mun Friðrik Jónsson, formaður BHM leiða kjaraviðræður aðildarféлага bandalagsins. BHM vill ræða gerð viðræðuáætlunar við KMR (Kjara- og mannauðssýslu ríkisins) með það að markmiði að samningur taki við af samningi. Formaður FPR sagði frá því að innan BHM færi nú fram samtal og samráð um sameiginlega kröfugerð og viðræðunefndir skipaðar. Fyrir hönd félagsins hefur formaður FPR verið tilnefndur í samráðsnefnd BHM.

Formaður greindi frá viðhorfskönnun sem gerð var meðal félagsmanna FPR í mars sl. Helstu niðurstöður voru þær að 78% félagsmanna sem tóku þátt vildu leggja áherslu á hækkun grunnlauna, 43% vildu leggja áherslu á bættan fjárhagslegan stuðning háskóla við rannsóknir og 39% vildu frekari tilfærslu frá kennsluskyldu prófessora til annara starfsskyldna. Þá sagði formaður einnig frá viðhorfs og kjarakönnun BHM sem gerð var sl. vor. Í þeirri könnun kom m.a. fram að flestir vildu að stytting vinnuvikunnar yrði lögfest, útvíkkun veikindaréttar til barna og að fjarvinna yrði lögfest. Ekki óvænt þá var minnst ánægja með útfærslu á styttingu vinnuvikunnar meðal Ljósmeðrafélagsins og Félags prófessora við ríkisháskóla. Þá vildi þorri félagsmanna BHM að áhersla yrði á prósentuhækkun launa en krónutöluhækkunar í síðustu kjarasamningum komu mjög illa við félagsmenn BHM.

Í umræðu stjórnar um kjaramálin kom fram að launin vega þyngst, mikil óánægja væri með yfirvinnulaunin, vinnuálag mikið og seta í nefndum ólaunuð svo dæmi séu tekin. Þá er einnig

ljóst að stytting vinnuviku hefur haft áhrif á launþróun FPR. Stjórnin ákvað að fara þess á leit við BHM að fá ítarlegan samanburð á launum aðildarfélaganna.

### **3. Önnur mál**

- a. Starf framkvæmdastjóra félagsins auglýst.
- b. Stjórnin var minnt á árshátíð Háskóla Íslands.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.00.